



Reykjavík, 6. febrúar 2020

R19090093

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Borgartún 24 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 6. febrúar 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. janúar 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 29. janúar 2020 á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgartúnið hentar vel til uppbyggingar nýrra íbúða. Reiturinn liggur að almenningsamgöngum og hjólaleiðum. Umrædd deiliskipulagsbreyting felst í því að bæta við og stækka fermetratölu fyrir bílastæðahús neðanjarðar en nýtingarhlutfall ofanjarðar helst óbreytt. Ekki er tekið undir að umræddar breytingar rýri lífsgæði annarra á svæðinu. Áformin styðja við þá verslun og þjónustu sem fyrir er á svæðinu og bæta þannig nærumhverfið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðismenn hafa ítrekað bent á að deiliskipulagið sé á of litlum reit. Eðlilegast væri að deiliskipulagið tæki til reitsins í heild, ekki síst þar sem málið er mjög umdeilt. Bent er á að Skipulagsstofnun gerði verulega athugasemdir við þá deiliskipulagstillögu sem samþykkt var 27. júní 2018. Áhöld eru um hvort að breytingin samræmist Aðalskipulagi Reykjavíkur. Af þessum sökum getur Sjálfstæðisflokkurinn ekki stutt þessa deiliskipulagsbreytingu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Allar forsendur íbúa við kaup á því svæði eru í uppnámi. Borgartún 24 er hluti 3ja hæða stakstæðra húsa þess götuhluta sem nær milli Katrínartúns og Nóatúns. Því er ekki að furða að íbúar Mánatúns 7-17 reki í rogastans vegna þeirra breytinga sem hér um ræðir. Allar forsendur íbúa við kaup sinna eigna verða að engu. Ekki er gerð tilraun til að koma til móts við íbúana, heldur ekki rekstaraðila í nærumhverfinu sem einnig sendu inn athugasemdir. Sú aðferðarfræði sem meirihlutinn beitir er á þessa leið: Deiliskipulagsbreyting unnin án samráðs við nærumhverfi, deiliskipulag sett í auglýsingu undir formerkjum samráðs og allar athugasemdir sem berast virtar að vettugi. Þessi vinnubrögð eru til skammar og ekki til merkis um góða stjórnsýsluhætti. Reykjavíkurborg er stjórnvald sem ber að fara að stjórnsýslulögum. Það er öllum ljóst að verið er að þjóna einum lóðahafa/fjármagnseiganda í deiliskipulagsgerð og er það í beinni andstöðu við grundvallarmarkið skipulagslaga um gerð skipulags í þágu í almannahagsmuna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins beinir þeim tilmælum til skipulagsyfirvalda í borginni að fara að öllu með gát varðandi breytingar á deiliskipulagi á Borgartúni 24. Þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru virðast í ósátt við íbúa í nágrenninu og hvetur Flokkur fólksins að haft verði samráð við íbúa um lokaniðurstöður á deiliskipulagi svæðisins. Einar Páll Svavarsson sem er málsvari íbúa í Mánatúni gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi svæðisins fyrir þeirra hönd: „Við gerum ráð fyrir því að Reykjavíkurborg hætti við svokallaða breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Borgartún 24 í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar. Við teljum einsýnt að breytingin verði látin niður falla og Reykjavíkurborg haldi áfram með deiliskipulagsvinnuna, sem borgin setti sjálf af stað í nóvember 2014, og vinni þannig eðlilegt deiliskipulag fyrir reitinn í samræmi við skipulagslög.“



Helga Björk Laxdal

e.u.